

## **Samþykkt um lífeyrismál**

Sjötta þing KÍ haldið 1.-4. apríl 2014 ályktar:

Kennarasamband Íslands hefur tekið þátt í vinnu með öðrum aðilum á vinnumarkaði þar sem viðfangsefnið hefur verið að kanna hvort sátt geti náðst um að setja á stofn eitt lífeyriskerfi sem gilt gæti fyrir alla landsmenn í framtíðinni.

Í þessu sambandi hefur einkum verið skoðað hvort samkomulag geti náðst um lífeyriskerfi sem byggði á aldurstengdri réttindaávinnslu, lífeyristökualdri sem miðaði við 67 ár og jafnframt að kerfið verði án launagreiðendaábyrgðar.

Sjötta þing Kennarasambands Íslands haldið í Reykjavík dagana 1.-4. apríl 2014 leggur áherslu á að skilyrði KÍ fyrir þátttöku í þessari vinnu sé að réttindi núverandi sjóðsfélaga í A og B deild LSR og sjóðsfélaga í sambærilegum deildum sjóða sveitarfélaganna verði ekki skert. Ennfremur áréttar þingið að komi til þess að sátt náist um nýtt kerfi sem byggir á framangreindum forsendum sé nauðsynlegt að mat verði lagt á launakjör starfsmanna milli markaða og þau jöfnuð samtímis breytingunni.